

Subject: Fyrirspurn

From: margret@thjodminjasafn.is

Date: 03-01-2013 23:20

To: vilhjalmur@mailme.dk

CC: htho@hi.is, lilja@thjodminjasafn.is, mh@thjodminjasafn.is

Heill og sæll Vilhjálmur og gleðilegt ár!

Í tölvupósti til Lilju Árnadóttur fagstjóra munasafns sem þú sendir þann 13. desember sl. ásamt afriti til mín varpar þú fram spurningum varðandi silfursjóðinn frá Miðhúsum. Málið hefur ekki verið tekið upp að nýju af hálfu Þjóðminjasafns Íslands. Engin jarðvegssýni tengd fundinum eru skráð í safninu.

Hvað varðar myndapöntun þína þá eru verklagsreglur safnsins þannig að jósm myndir af gripum safnsins sem ætlaðar eru til einhvers konar birtingar eru teknar af ljósm myndurum safnsins og kostnaður við birtinguna fer eftir gjaldskrá Ljósm myndasafns Íslands í Þjóðminjasafni. Ef um fleiri en eina mynd er að ræða er unnt að semja um afslátt.

Með kærum kveðjum,

MARGRÉT HALLGRÍMSDÓTTIR
Þjóðminjavörður / General Director
ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
The National Museum of Iceland
Suðurgata 43, 101 Reykjavík.
sími / tel: + 354 5302200 & + 354 8612200
<http://www.thjodminjasafn.is>

Fyrirvari/Disclaimer: <http://www.thjodminjasafn.is/disclaimer>

----- Oprindelig meddelelse -----

Subject:Fyrirspurn

Date:Thu, 13 Dec 2012 01:02:06 +0100

From:Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson <vilhjalmur@mailme.dk>

To:lilja@thjodminjasafn.is

CC:mh@thjodminjasafn.is, htho@hi.is

Sæl Lilja,

ég er að undirbúa færslu á Fornleifi (www.fornleifur.blog.is) um hvernig þú lést taka sýni af jarðvegi á Miðhúsum 15. nóvember 1994.

Þann 18. nóvember 1994 ákvaðst þú reyndar með Helga Þorlákssyni að láta taka sýnin. En sýnin höfðu þá þegar verið tekin þann 15. nóvember, sama dag og þú áttir þá viðtal við Guðrúnu Kristinsdóttur og Sigurð Steinþórsson. Upplýsingar um það ferli voru auðvitað ekki gefnar af þér og Helga í opinberri skýrslu ykkar.

Þú upplýstir síðar (1995), þá sem ritari Þjóðminjaráðs, að ekki væri búið að taka ákvörðun um sýnatöku á jarðvegi, sem eru náttúrulega ósannindi. Enn síðar upplýsti þú og Helgi Þorláksson að jarðvegssýni hafi verið boðin Þjóðminjasafninu í Kaupmannahöfn. Lars Jørgensen kannaðist ekki við þessi jarðvegssýni. Það kemur ekkert fram um jarðvegssýni í bréfi þínu og Helga til Olaf Olsens fyrrverandi prófessors m.m. dags. 17. október. Heldur ekki í svari Lars Jørgensens dags. 10. nóvember 1994, né í bréfi hans frá 17.11. 1994; heldur ekki í fréttatilkynningu frá Þjóðminjasafni dags. 28. nóvember 1994, né í fylgibréfi Þórs Magnússonar með sérstöku innsigli Þjóðminjasafnsins dags. 1. desember 1994. Ekkert kemur fram í fyrrgreindri yfirlýsingu Lars Jørgensens frá 17.11. 1994, um að hann hyggi á jarðvegsrannsóknir, enda höfðu þær ekki verið nefndar í bréfum til hans.

1)

Mig langar nú að vita, hvar sýnin frá Miðhúsum eru niður komin. Þau hljóta að hafa verið skráð og geymd. Fékk Sigurður Steinþórsson sýni eins og þú skrifaðir í minnispunktum og starfsáætlun ykkar Helga, sem ekki voru birt opinberlega. Þú skrifaðir "Sigurður St. 1 Kg". " Hver var eiginlega þáttur Sigurðar Steinþórssonar í silfurrannsóknunum? Ég hef ekki séð nafni hans bregða fyrir nema í minnispunktum þínum dags. 15.11.1994. Þáttur hans kemur hvergi fram í neinum opinberum skýrslum. Hvernig má vera að afkomendur Hriflu-Jónasar hafi blandast í rannsókn málsins. Sat Sigurður kannski í Þjóðminjaráði eða ákvaðst þú að draga hann inn í rannsóknina af einhverjum persónulegum ástæðum?

Einnig langar mig að vita, hvort Helgi Þorláksson hafi yfirleitt vitað af sýnatökunni 15. nóvember 1994, þegar hann og þú skrifið í minnisblaði ykkar dags. 18.11.1994, merkt trúnaðarmál, *Verkefni Guðrúnar Kristinsdóttur á Miðhúsum*, að fyrirhugað verkefni Guðrúnar sé að taka jarðvegssýni. Í því minnisblaði kemur ekki fram að rannsóknin hafi farið fram og að þú hafir beðið Guðrúnu Kristinsdóttur að rannsaka málið:

"1) Taki jarðvegssýni

Jarðvegssýninu er ætlað að varpa ljós á það af hverju silfrið er svo gljáandi. ..."

En eins og þú veist var búið að taka sýnin. Þremur dögum áður.

Einnig kemur fram í minnispunktum og starfsáætlun ykkar Helga að "2) Guðrún skuli taka skýrslu um fundi "eldstæðis haustið 1980." Skýrsla Guðrúnar um eldstæðið væri einnig vel þegin.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson
Jelsbuen 1
2620 Albertslund
Danmark